



Fundargerð hjá Endurlífgunarráði Íslands

15. október 2018 klukkan 16:30 – 18:00

Fundarstaður: Ármúli 1, Reykjavík

Fundarmenn mættir: Hjörtur Oddsson, Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, Valgerður Hermannsdóttir, Sigrún Guðný Pétursdóttir, Linda Björk Markúsdóttir

Boðuð forföll: Hlynur Höskuldsson, Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir, Þorsteinn Jónsson, Valdís Anna Garðarsdóttir, Þórður Þorkelsson

Fjarverandi: Bergur Stefánsson

DAGSKRÁ FUNDAR

1. Yfirferð síðastu fundargerðar frá 5. júní og símafund 2. október
 - ✓ farið yfir síðustu fundargerðir og þær samþykktar
2. 16. október – aðgerðir
 - ✓ Hjörtur búin að heyra í ... Hagalín innan fréttavefs LSH, ásamt morgunúttvarpi Bylgjunnar með litlum árangri.
 - ✓ Hrafnhildur sendir poster og leiðbeiningaspjald til að dreifa sem víðast á síður og samfélagssíður sem við höfum aðgang að.
 - ✓ Hjörtur fer yfir að það séu um 100 endurlífgunartilfella á höfuðborgarsvæðingu að meðaltali á ári s.l. fimm árin, af þeim eru um 50% þar sem “vitni” hefur endurlífgun. Almennigur virðist því vera vel með á nótunum.
 - ✓ Mjög margir krakkar á Íslandi fá endurlífgunarkennslu í einhverju formi á Íslandi, íþróttakennslu, barnapíu námskeið, þemavikur eða annarstaðar í sínu grunnskólanámi
 - ✓ Landsbjörg og Rauði krossinn er búin að kenna mjög stórum hópi grunnendurlífgun. 50.225 hafa lært grunnendurlífgun á Íslandi á vegum Rauða krossinn þar með eru talin þá sem taka námskeiðin í framhaldsskóla, innan meiraprófs ofl., samkvæmt tölum sem Linda er með Sigrún ætlar að taka saman tölur frá Landsbjörg en þar eru einnig



fjöldi þeirra sem sækja námskeið hjá Sæbjörgu námskeið til sjómanna. Samkvæmt Hirti er 25% sem næst að endurlífga á Íslandi sem er mjög hátt hlutvart miðað við annarstaðar, líklega er þessi háa tala því mikið að þakka hve Íslendingar hafa lært grunnendurlífgun á Íslandi.

- ✓ Ilmur var einnig búin að hafa samband við útvarpsstöðvar vegna málsins auk þess sem hún hafði samband við skólahjúkrunarfræðinga og bað um að tækifæri notað til að senda út póst á foreldra varðandi fyrirhugaða endurlífgunarkennslu “Börnin bjarga” í skólum til 6 og 10 bekkjar

Niðurstaða: Reyna dreifa boðskapnum sem víðast með samfélagsmiðlum.

3. Ráðstefna í 20-22 september 2018

- ✓ Hvað stóð upp úr, Hjörtur fer yfir
 - Áhugavert hvernig Singapur er að dreifa AED tækjum nærri í hverja íbúðablokk og hafa síðan “endurlífgunarher” til að mæta á staðinn.
 - Barkapræðing alveg dottin út, rannsóknir sýna að maski og belgur dugi jafn vel. Vélindatúbur að koma betur út s.s. lgel til að auðvelda flutning sjúklings.
 - Adrenalín versus ekki Andenalín, mjög lítill munur, fleiri endurlífgaðir en ekki fleiri sem útskrifast af sjúkrahúsi. Takmörkuð rannsókn að því leiti að fáir sem fengu grunnendurlífgun af vitnum. Langur tími frá hjartastoppi að Adrenalín gjöf.
 - Munur milli Amidaron og Lidocain gjafar... ekki marktækur munur. Mjög langur tími frá hjartastoppi að lyfjagjöf.
 - Skemmtileg tækni kynnt líka hvað varðar kennslu, einfaldari dúkkur fullkomnari mónitor

4. Erindi frá Lyfjastofnun (sjá fylgiskjal)

- ✓ **Endurlífgunarráð Íslands ályktar að sjálfvirk hjartastuðtæki (AED) sem notuð eru á Íslandi eigi að tala íslensku. Við þær aðstæður þar**



*sem útlendingar eru í meiri hluta s.s. á fjölförnum ferðamannastöðum
eða vinnustöðum mætti víkja frá þeirri megin reglu”*

5. Verð á námskeiðum
 - ✓ Leggjum til að ALS/EPALS námskeið kosti 90.000 frá áramótum 2019 og EPILS/ILS kosti 40.000 það er í samræmi við verð hjá dýrari þjóðum innan evrópu.
6. Fulltrúar EÍ í ERC General Assembly – næsti fundur des 2018
 - ✓ Hjörtur fer.
7. Önnur mál
 - ✓ Til upplýsinga; Hjörtur ræðir möguleika á appi hér á Íslandi, þar sem þeir sem lært hafa grunnendurlífgun og eru í næsta nágrenni við hjartastopp fá hringinu. Hann átti spjall við Viðar vegna þessa. Engin niðurstaða en málið skoðað áfram.



Fundargerð ritaði Hrafnhildur Lilja